

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b/t Gunnlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 7. október 2019  
UST201909-009/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag– Háhóll og Dilksnes**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og að nýju deiliskipulagi fyrir Háhól og Dilksnes.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitti umsögn vegna verkefnisins þann 17.janúar sl. þegar tillagan var á lýsingarstigi og þann 18.júlí sl. þegar verkefnið var á tillögustigi. Ofangreindar umsagnir fylgja með þessari umsögn.

Í greinargerð kemur fram að breytingin tekur yfir tvö svæði sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en verða skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði eftir breytingu. Einnig segir að megin markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að staðsetja tvö ný verslunar- og þjónustusvæði (VÞ47 og VÞ48) í landi Háhóls/Hjarðarnes og Dilksness þar sem heimiluð verður gistipjónusta fyrir allt að 80 gesti, veitingaþjónusta og verslun.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð um að fyrirhuguð uppbygging við Dilksnes munu hafa óveruleg umhverfisáhrif þar sem framkvæmdarsvæðið er að mestu nú þegar raskað og framkvæmdir munu eiga sér stað nálægt núverandi mannvirkjum.

Umhverfisstofnun telur skv. gögnum að aðkomuvegir sem fjallað er um í tillögunni geta fallið í C-flokk framkvæmda undir lið 10.10 í 1. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og þarf því að kanna tilkynningarskyldu til sveitarfélagsins.

## Votlendi

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, njóta votlendissvæði, yfir 2 ha sérstakrar verndar en ekki liggur fyrir skilgreining eða afmörkun á votlendissvæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í þeim umsögnum sem stofnunin veitti á fyrri stigum kemur fram að stofnunin telji votlendið sem tillagan nær til falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Einnig kemur fram í greinargóðri umsögn Náttúrustofu Suðausturlands (NS) á lýsingu verkefnisins þann 28. janúar sl. að stærsti hluti svæðisins sem um ræðir er mikilvægt fuglasvæði og votlendi.

Þar benti NS á að á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá kort sem sýna vistgerðaflokkun og þar er auðvelt að sjá afmörkun á votlendissvæðum og mikilvægum fuglasvæðum. Sjá: <http://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hægt er að sjá útbreiðslu votlendis inni á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/>. Í skýringum með kortasjónni segir að í kortasjá þessari eru birt til skoðunar tiltekin náttúrufræðistofnunir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir náttúrufræðistofnunir sem þar eru talin upp, að birkiskógum undanskildum sem eru á höndum Skógræktarinnar.

## Sérstök vernd

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að aðkomuvegur liggja um votlendi að svæði VP47 (lóð B1 í deiliskipulagi). Auk þess er gert ráð fyrir aðkomuvegi í deiliskipulagi að lóð 1 og lóð 2 sem mun liggja um votlendi, en er hann ekki sýndur inni á uppdrætti aðalskipulagsbreytinganna.

Umhverfisstofnun telur að votlendið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess telur stofnunin að aðkomuvegur að svæði VP47 muni fara yfir leirur sem einnig falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að skv. heimasíðu NÍ eru skeraleirur með mjög hátt verndargildi og eru mikilvægt fæðusvæði hettumáfs og vaðfugla, einkum jaðrakans, stelks, lóupræls, sandlóu og tjalds. <https://ni.is/greinar/skeraleirur>, en í umsögn NS kemur fram að stærsti hluti svæðisins sem um ræðir er mikilvægt fuglasvæði og votlendi eins og áður hefur komið fram.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd votlendis í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun votlendis, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að tillögurnar geti haft neikvæð umhverfisáhrif vegna röskunar á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að við Háhól skal setja skilmála í deiliskipulag hvernig staðið verður að lagningu aðkomuvegar til að tryggja megi að votlendi í nágrenni framkvæmdarsvæða skerðist sem minnst. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um sérskilmála í greinargerð deiliskipulagsins.

### **Vistgerðir - Umhverfisáhrif**

Í kafla 4.1. aðalskipulagsbreytinganna segir að skv. vistgerðarkortlagningu eru votlendissvæði innan jarðarinnar en ekki er talið að þau verði fyrir áhrifum vegna breytingar aðalskipulags. Neðar í kaflanum segir að skv. vistgerðarflokkun er víða að finna votlendisvistgerðir innan jarðarinnar og alltaf verður einhver röskun á gróðri og náttúrufari. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort að breytingartillagan geri ráð fyrir röskun á votlendisvistgerðum.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er gulstararflóavist ríkjandi á svæðinu, en vistgerðin er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þárfnast verndar (<https://www.ni.is/greinar/gulstararfloavist>). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um vistgerðir svæðisins í tillögunum.

Í gulstararflóavist getur verið ríkulegt fuglalíf þar sem andfuglar og vaðfuglar eru algengastir og er algengt að varpfuglategundirnar, einkum jaðrakan (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), lóupræll (*Calidris alpina*), stökkönd (*Anas platyrhynchos*), urtönd (*Anas crecca*), grafönd (*Anas acuta*) og álft (*Cygnus cygnus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun telur að tillögurnar geti haft neikvæð áhrif á vistgerðir og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á vistgerðir sem hafa hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á að í b. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar.

### **Fuglalíf**

Á heimasíðu NÍ ([www.ni.is](http://www.ni.is)) kemur fram að svæðið sem hér um ræðir er mikilvægur viðkomustaður farfugla og búsvæði óðinshana (*Phalaropus lobatus*) og fleiri varpfugla. Mikið fuglalíf og er svæðið alþjóðlega mikilvægt fyrir álft á varptíma og fartíma og heiðagæs og helsingja á fartíma. Tillagan gerir ráð fyrir byggingum, aðkomuvegum og bílastæðum á svæðinu og því telur Umhverfisstofnun að tillagan geti haft neikvæð áhrif

á fuglalíf á svæðinu og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

### **Bakkagróður**

Tillagan sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að svæði VÞ47 sem mun þvera Bergá. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verða farnar til að framkvæmdirnar hafi sem minnsta röskun á bakka árinna.

### **Moldartíppur og aðkomuvegur**

Við vegtengingu Lóðar 1 af Suðurlandsvegi er gert ráð fyrir svæði fyrir moldartípp og svæðið verður notað fyrir uppgröft. Umhverfisstofnun telur að moldartíppurinn geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þar sem hann mun raska leirum og votlendi sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, náttúrulegum bakkagróðri og búsvæðum fugla.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að hægt væri að koma efninu fyrir í námunni Friðsæld.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á þann möguleika, til að koma í veg fyrir frekara rask á svæðinu, að aðkomuvegur að lóð 1 fari um heimreið að Lækjarbrekku 2.

### **Vegir í náttúru Íslands**


Breytingartillagan gerir ráð fyrir nýjum vegum um svæðið sem tillögurnar ná til. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

**Afrit; Skipulagsstofnun**